

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/98/EBE

frá 29. október 1993

um samhæfingu á hugtakinu um verndun höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

3. mgr. 14. gr. a í Bernarsáttmálanum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 57. (2. mgr.), 66. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og Alþjóðasamningnum um vernd listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarps- og sjónvarpsstöðva (Rómarsamningurinn) er einungis mælt fyrir um lágmarksverndun þeirra réttinda sem vísað er til, og er sammingsríkjunum því frjálst að kveða á um lengra verndartímabil. Nokkur aðildarríki hafa neytt þessa réttar. Þar að auki eru nokkur aðildarríki ekki aðilar að Rómarsamningnum.
- 2) Þar af leiðandi eru landslög er taka til verndartímabila fyrir höfundarrétt og skyld réttindi mismunandi, sem getur hindrað frjálsa vöruflutninga og frelsi til að veita þjónustu og raskað samkeppni á hinum sameiginlega markaði. Til að tryggja snurðulausa framkvæmd hins innri markaðar ber að samhæfa lög aðildarríkjanna þannig að verndartímabil verði nákvæmlega eins alls staðar í bandalaginu.
- 3) Samhæfing skal ekki einungis taka til verndartímabila sem slíkra heldur einnig til tiltekins framkvæmdarfyrirkomulags, svo sem frá hvaða degi hvert verndartímabil skuli reiknað.
- 4) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á beitingu aðildarríkjanna á ákvæðum b-, c- og d-liðar 2. mgr. og

- 5) Markmiðið með lágmarksverndartímabilinu sem mælt er fyrir um í Bernarsáttmálanum, nánar tiltekið meðan höfundur er á lífi og í 50 ár frá dauða hans, var að vernda höfundinn og næstu tvær kynslóðir afkomenda hans. Meðalævi í bandalaginu er nú orðin miklu lengri og þar af leiðandi tekur þetta verndartímabil ekki lengur til tveggja kynslóða.

- 6) Nokkur aðildarríki hafa kveðið á um lengra verndartímabil en 50 ár frá dauða höfundar í þeim tilgangi að veða á móti áhrifum heimsstyrjaldanna á nýtingu höfundarverka.

- 7) Að því er varðar verndun skyldra réttinda hafa nokkur aðildarríki innleitt verndartímabil sem er 50 ár frá löglegri útgáfu, birtingu eða miðlun til almennings.

- 8) Í samræmi við afstöðu bandalagsins, sem var samþykkt með tilliti til Úrúgvæ-viðræðnanna á grundvelli hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT), skal verndartímabil fyrir framleiðendur hljóðritana vera 50 ár frá fyrstu útgáfu.

- 9) Tilhlýðilegt tillit til viðurkenndra réttinda er ein þeirra almennu meginlagareglna sem gilda í réttarkerfi bandalagsins. Samhæfing verndartímabila fyrir höfundarrétt og skyld réttindi getur því ekki skert þá vernd sem réttihafar njóta nú þegar í bandalaginu. Til að geta takmarkað áhrif bráðabirgðaráðstafana eftir því sem frekast er unnt og til að innri markaðurinn geti í raun starfað skal samhæfing verndartímabila eiga sér stað á langtíma-grundvelli.

- 10) Í orðsendingu sinni frá 17. janúar 1991 „Viðbót við Grænbókina — Vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda“ leggur framkvæmdastjórnin áherslu á að við samhæfingu höfundarréttar og skyldra réttinda skuli miðað við völdæmri vernd þar sem þessi réttindi séu grundvöllur fyrir sköpun hugverka og að verndun þeirra tryggi áframhald og þróun sköpunar í þágu höfunda, menningariðnaðar,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 92, 11. 4. 1992, bls. 6 og Stjtuð. EB nr. C 27, 30. 1. 1993, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 337, 21. 12. 1992, bls. 205 og ákvörðun frá 27. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. C 287, 4. 11. 1992, bls. 53.

neytenda og samfélagsins í heild.

- 11) Til að koma á viðtækri vernd sem bæði fullnægir kröfum hins innri markaðar og þörf fyrir setningu réttarreglna, sem stuðla að samræmdri þróun bókmennta- og listsköpunar í bandalaginu, skal samræmt verndartímabil höfundarréttar vera 70 ár frá dauða höfundar, eða 70 ár frá því að almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum, og að því er varðar skyld réttindi 50 ár frá því að sá atburður á sér stað sem markar upphaf þess.
- 12) Söfn eru vernduð í samræmi við 5. mgr. 2. gr. Bernarsáttmálans þegar í þeim er að finna hugverk annaðhvort með tilliti til úrvals eða uppbyggingar. Þessi verk njóta verndar sem slík, með fyrirvara um höfundarrétt allra verka sem eru hluti slíkra safna. Þar af leiðandi geta sérstök verndartímabil gilt fyrir verk sem eru í söfnum.
- 13) Í öllum tilvikum þegar einn eða fleiri einstaklingar eru skilgreindir sem höfundar skal verndartímabilið reiknað frá dauða þeirra. Ef ekki liggur ljóst fyrir hvort höfundarréttur gildir um verk í heild sinni eða hluta verks skulu innlendir dómstólar skera úr um það.
- 14) Verndartímabil skal reikna frá 1. janúar árið eftir að viðkomandi atburður átti sér stað, samanber Bernarsáttmálann og Rómarsamninginn.
- 15) Í 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991, um lögvernd fyrir tölvuforrit ⁽¹⁾, er kveðið á um að aðildarríkin skuli veita tölvuforritum vernd, með höfundarrétti, eins og um bókmenntaverk í skilningi Bernarsáttmálans væri að ræða. Með þessari tilskipun er kveðið á um samhæfingu verndartímabils fyrir bókmenntaverk í bandalaginu. Ákvæði 8. gr. tilskipunar 91/250/EBE, sem einungis kveður á um bráðabirgðafyrirkomulag um gildistíma verndar fyrir tölvuforrit, falla því úr gildi.
- 16) Í 11. og 12. gr. tilskipunar ráðsins 92/100 frá 19. nóvember 1992, um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi sem tengjast höfundarrétti á sviði hugverkaréttar ⁽²⁾, er einungis kveðið á um lágmarksgildistíma verndar, með fyrirvara um frekari samhæfingu. Með þessari tilskip-

un er kveðið á um frekari samhæfingu. Þessar greinar falla því úr gildi.

- 17) Verndun ljósmynda í aðildarríkjunum heyrir undir mismunandi reglur. Til að koma á nægilegri samhæfingu verndartímabila fyrir ljósmyndaverk, einkum þeirra sem eru mikilvæg fyrir hinn innri markað sökum listrænna eiginleika eða fagmannlegra vinnubragða, er nauðsynlegt að skilgreina þann frumleika sem krafist er með hliðsjón af þessari tilskipun. Ljósmyndaverk í skilningi Bernarsáttmálans telst vera frumlegt ef það er eigið hugverk höfundar og speglar persónuleika hans, án tillits til annarra viðmiða, svo sem þess hvaða gildi verkið hefur eða í hvaða tilgangi það er unnið.
- 18) Til að koma í veg fyrir að verndartímabil séu mismunandi að því er varðar skyld réttindi er nauðsynlegt að kveða á um sama upphafstíma sem tekið er mið af við útreikning tímabils alls staðar í bandalaginu. Við útreikning verndartímabils skal taka tillit til flutnings, upptöku, útsendingar, löglegrar útgáfu, birtingar og miðlunar til almennings, það er að segja aðferða við að gera efnið sem réttindin taka til aðgengilegt fyrir almenning með viðeigandi aðferðum, án tillits til þess í hvaða landi flutningur, upptaka, útsending, lögleg útgáfa, birting eða miðlun til almennings á sér stað.
- 19) Réttur útvarps- eða sjónvarpsstöðva til útsendinga sinna, án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða um loft, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött, skal ekki vera ótakmarkaður. Þess vegna er nauðsynlegt að reikna verndartímabil eingöngu frá fyrstu útsendingu tiltekens verks. Gert er ráð fyrir að slíkt ákvæði komi í veg fyrir að nýtt tímabil hefjist í tilvikum þegar útsending er nákvæmlega eins og önnur fyrri útsending.
- 20) Aðildarríkjum skal vera frjálst að viðhalda eða innleiða önnur réttindi sem tengjast höfundarrétti, einkum í sambandi við verndun á rýniútgáfum og vísindaútgáfum verka. Til að tryggja gagnsæi í bandalaginu er þó nauðsynlegt að aðildarríki sem innleiða ný skyld réttindi tilkynni það framkvæmdastjórninni.
- 21) Nauðsynlegt er að koma því á framfæri að samhæfing sem komið er á með þessari tilskipun gildir ekki um siðferðileg réttindi.
- 22) Þegar um er að ræða verk sem í skilningi Bernarsáttmálans teljast upprunnin í þriðja landi, og höfundur er ekki ríkisborgari innan bandalagsins, skal bera verndartímabilin saman, að því tilskildu að tímabilið sem er

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 122, 17. 5. 1991, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 346, 27. 11. 1992, bls. 61.

veitt í bandalaginu sé ekki lengra en tímabilið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

- 23) Þegar réttthafi sem ekki er ríkisborgari innan bandalagsins uppfyllir skilyrði um vernd samkvæmt alþjóðasamningi skal verndartímabil skyldra réttinda vera það sama og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þó má það ekki vera lengra en verndartímabil sem er ákvarðað í því þriðja landi þar sem réttthafi er ríkisborgari.
- 24) Samanburður á tímabilum skal ekki leiða til þess að aðildarríki stríði mót alþjóðlegum skuldbindingum sínum.
- 25) Til að tryggja snurðulausa framkvæmd hins innri markaðar skal tilskipun þessi gilda frá 1. júlí 1995.
- 26) Aðildarríkjum skal vera frjálst að samþykka ákvæði um túlkun, aðlögun og frekari framkvæmd samninga um nýtingu verka og annars efnis sem nýtur verndar, sem voru gerðir áður en verndartímabilið var framlengt á grundvelli þessarar tilskipunar.
- 27) Það er hluti af réttarkerfi bandalagsins að virða áunnin réttindi og lögmætar væntingar. Aðildarríkin geta kveðið sérstaklega á um að höfundarréttur og skyld réttindi, sem eru endurvakin með þessari tilskipun, geti ekki við vissar aðstæður orðið grundvöllur þess að einstaklingar, sem eftir bestu vitund tóku upp nýtingu verka á þeim tíma er þau nutu ekki höfundar- eða einkaleyfisverndar, þurfi að reiða fram greiðslu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildistími höfundarréttar

1. Réttindi höfundar bókmennta- eða listaverks í skilningi 2. gr. Bernarsáttmálans skulu gilda meðan höfundurinn er á lífi og í 70 ár frá dauða hans, án tillits til þess hvenær almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum.
2. Þegar höfundar hafa unnið saman að sköpun verks skal reikna tímabilið, sem um getur í 1. mgr., frá dauða þess höfundar sem lifir lengst.
3. Þegar verk eru eftir ókunna eða ónefnda höfunda eða birt undir dulnefni er gildistími verndar 70 ár frá því að almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum. Ef enginn vafi leikur á um hver höfundur er þrátt fyrir það dulnefni sem hann tekur sér, eða ef höfundur gefur upp sitt

réttan nafn á fyrrgreindu tímabili, er gildistíminn þó sá sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. Ef aðildarríki setur sérstök ákvæði um höfundarrétt að því er varðar sameiginleg verk eða um að löggjafar skuli tilnefnd sem réttthafi skal reikna verndartímabilið í samræmi við ákvæði 3. mgr., nema einstaklingar sem hafa samið verkið sem slíkt séu nafngreindir sem slíkir í þeim útgáfum á verkinu sem almenningur fær aðgang að. Þessi málsgrein er með fyrirvara um réttindi nafngreindra höfunda sem eiga hlut að slíkum verkum undir nafni, þar eð framlag þeirra fellur undir 1. eða 2. mgr.

5. Þegar verk eru gefin út í bindum, hlutum, heftum, númerum eða ritröðum og verndartímabil hefst um leið og almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum gildir sérstakt verndartímabil fyrir hverja einingu.

6. Vernd fellur úr gildi þegar verndartímabil fyrir verk hafa ekki verið reiknuð frá dauða höfundar eða höfunda og almenningur hefur ekki fengið aðgang að þeim samkvæmt lögum innan 70 ára frá tilurð þeirra.

2. gr.

Kvikmyndaverk eða hljóð- og myndverk

1. Aðalleikstjóri kvikmyndaverks eða hljóð- og myndverks telst vera höfundur eða einn af höfundum þess. Aðildarríkjum skal vera frjálst að tilnefna aðra meðhöfunda.
2. Verndartímabil kvikmyndaverks eða hljóð- og myndverks skal renna út 70 árum eftir dauða þess einstaklings sem lifir lengst þeirra sem hér eru taldir: aðalleikstjóri, höfundur kvikmyndahandrits, höfundur samtala og höfundur tónsmíðar sem er samin sérstaklega fyrir kvikmyndaverk eða hljóð- og myndverk.

3. gr.

Gildistími skyldra réttinda

1. Réttindi listflytjenda skulu renna út 50 árum eftir að flutningur fer fram. Ef upptaka á flutningi er gefin út á löglegan hátt eða miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan.
2. Réttindi framleiðenda hljóðritana renna út 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef hljóðritun er gefin út á lögleg-

an hátt eða miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan.

3. Réttindi framleiðenda til frumkvikmyndaverks skulu renna út 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef kvikmynd er gefin út á löglegan hátt eða miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan. Hugtakið „kvikmynd“ á við kvikmyndaverk, hljóð- og myndverk eða hreyfimyndir, með eða án hljóðs.

4. Réttindi útvarps- eða sjónvarpsstöðvar skulu renna út 50 árum eftir fyrstu útsendingu, án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða um loft, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

4. gr.

Verndun verka sem ekki hafa verið gefin út áður

Allir einstaklingar sem, eftir að höfundarréttarvernd rennur út, gefa út áður óbirt verk á löglegan hátt, eða miðla þeim til almennings á löglegan hátt, eiga rétt á vernd sem er sambærileg við efnahagsleg réttindi höfundar. Verndartímabil fyrir slík réttindi skal vera 25 ár frá fyrstu löglegu útgáfu verks eða fyrstu löglegu miðlun til almennings.

5. gr.

Rýniútgáfur og vísindaútgáfur

Aðildarríki geta verndað rýniútgáfur og vísindaútgáfur sem ekki njóta höfundar- eða einkaleyfisverndar. Hámarksverndartímabil fyrir slík réttindi skal vera 30 ár frá fyrstu löglegu útgáfu.

6. gr.

Verndun ljósmynda

Ljósmyndir sem eru upprunalegar að því leyti að þær eru eigið hugverk höfundar skulu njóta verndar í samræmi við 1. gr. Ekki skal taka tillit til annarra viðmiða þegar ákvörðun er tekin um verndun þeirra.

7. gr.

Verndun gagnvart þriðju löndum

1. Ef upprunaland verks er þriðja land í skilningi Bernarsáttmálans, og höfundur er ekki ríkisborgari innan banda-

lagsins, skal verndartímabil sem aðildarríki veitir renna út sama dag og vernd sem verkið nýtur í upprunalandinu rennur út, þó má það ekki vera lengra en tímabilið sem mælt er fyrir um í 1. gr.

2. Verndartímabil sem mælt er fyrir um í 3. gr. skulu einnig gilda að því er varðar réttthafa sem ekki eru ríkisborgarar innan bandalagsins, að því tilskildu að aðildarríkin veiti slíkum rétthöfum vernd. Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkja skal verndartímabil sem aðildarríki ákvarðar renna út eigi síðar en sama dag og vernd rennur út í því þriðja landi þar sem réttthafi er ríkisborgari og það má ekki vera lengra en tímabilið sem mælt er fyrir um í 3. gr.

3. Aðildarríki sem viðurkenna, á þeim degi sem þessi tilskipun var samþykkt, einkum á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga, lengra verndartímabil en leiðir af ákvæðum 1. og 2. mgr. geta viðhaldið þessari vernd þar til gerðir hafa verið alþjóðasamningar um verndartímabil fyrir höfundarétt eða skyld réttindi.

8. gr.

Útreikningur verndartímabila

Tímabil sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru reiknuð út frá 1. janúar árið eftir að sá atburður á sér stað sem markar upphaf þess.

9. gr.

Siðferðileg réttindi

Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um ákvæði aðildarríkja er taka til siðferðilegra réttinda.

10. gr.

Beiting ákvæða tilskipunarinnar

1. Ef verndartímabil, sem er lengra en samsvarandi tímabil sem kveðið er á um í þessari tilskipun, er þegar hafið í aðildarríki á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 13. gr. skal þessi tilskipun ekki hafa þau áhrif að viðkomandi verndartímabil styttest í því aðildarríki.

2. Verndartímabil sem kveðið er á um í þessari tilskipun skulu gilda um öll verk og annað efni sem nýtur verndar í að minnsta kosti einu aðildarríki, á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 13. gr., á grundvelli innlendra ákvæða um höfundarétt eða skyld réttindi eða uppfylla skilyrði um vernd samkvæmt tilskipun 92/100/EBE.

3. Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um nýtingu sem hefur átt sér stað fyrir þann dag sem um getur í 1. mgr.

13. gr. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að vernda sérstaklega áunnin réttindi.

13. gr.

4. Aðildarríki þurfa ekki að beita ákvæðum 1. mgr. 2. gr. gagnvart kvikmyndaverkum eða hljóð- og myndverkum sem eru gerð fyrir 1. júlí 1994.

Almenn ákvæði

5. Aðildarríkjum er heimilt að ákvarða hvenær ákvæði 1. mgr. 2. gr. öðlast gildi, þó með þeim fyrirvara að það sé eigi síðar en 1. júlí 1997.

11. gr.

Tæknileg aðlögun

1. Ákvæði 8. gr. tilskipunar 91/250/EEC falli hér með úr gildi.

2. Ákvæði 11. og 12. gr. tilskipunar ráðsins 92/100 falli hér með úr gildi.

12. gr.

Regla um tilkynningu

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar áætlanir ríkisstjórna um að taka upp ný skyld réttindi, þar með talið grundvallarástæður fyrir upp-töku þeirra og fyrirhugað verndartímabil.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að 1. – 11. gr. tilskipunar þessarar eigi síðar en 1. júlí 1995.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

2. Aðildarríkin skulu beita 12. gr. frá þeim degi sem tilkynnt er um þessa tilskipun.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

R. URBAIN

forseti.